



**Viðtakandi:** Menningarráð  
**Sendandi:** Menningarborgin

Reykjavík, 7. september 2026

MIR26060017

## MINNISBLAÐ

---

### **Uppfærðar Reglur Menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála**

Lagðar eru fyrir menningarráð *Reglur Menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála* sem samþykkrar voru á síðasta fundi ráðsins 28. ágúst sl.

Reglurnar hafa verið yfirfarnar af lögfræðingi borgarráðs, sem vegna anna hafði ekki tök á að ljúka yfirferð þeirra fyrir síðasta fund ráðsins.

Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar, að undanskilinni breytttri röð ákvæða í II. kafla, *Verklag, umsóknir og mat*. Þar hefur 4. gr., *Auglýsing, umsóknarfrestir og umsóknir*, verið færð fyrir aftan 3. gr., *Styrkjaflokkar og styrktarfjárhæðir*. Aðrar breytingar lúta eingöngu að orðalagi.

Lagt er til að menningarráð samþykki breytingarnar

Virðingarfyllst,  
Arnfríður S Valdimarsdóttir  
*Menningarborgin*  
*Menningar- og íþróttasvið*



**Reykjavík**



## REGLUR

Menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála

---

### I. kafli. Almenn ákvæði

#### 1. gr. Hlutverk og fjárheimildir

Reglur þessar fjalla um styrki Reykjavíkurborgar úr borgarsjóði sem veittir eru til verkefna á sviði menningarmála.

Um meðferð afgreiðslu og eftirfylgni styrkja og samstarfssamninga fer samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um styrki, Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar og því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, þeim samningum/styrktarbréfum sem gerðir eru á grundvelli úthlutana.

#### 2. gr. Markmið og meginreglur

Markmið styrkveitinga menningarráðs og samstarfssamninga er að styðja öflugt, faglegt og fjölbreytt menningarlíf í Reykjavík í samræmi við gildandi menningarstefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma, með áherslu á:

- Ævilanga inngildingu og aðgengi borgarbúa að menningu og listum
- Að borgin þjóni listafólki sem borg sem þeim þyki gott að búa og starfa í
- Að menning og listir verði aðgengileg í öllum hverfum borgarinnar.

Styrki má veita til verkefna og starfsemi sem fer fram í Reykjavík eða hafa skýran ávinning fyrir menningarlíf borgarinnar og borgarbúa.

Við úthlutun skal gæta jafnræðis, hlutlægni og gagnsæis.

#### 3. gr. Styrkflokkar og styrktarfjárhæðir

Umsækjendur skulu í umsókn tilgreina hvers konar styrkveitingu sótt er um í samræmi við neðangreinda skilgreinda kosti og tilgreina sérstaklega þá styrkfjárhæð sem óskað er eftir.

**Samstarfssamningar.** Samstarfssamningar eru einkum ætlaðir lögaðilum sem gegna lykilhlutverki við framkvæmd menningarstefnu Reykjavíkurborgar og hafa sýnt fram á mikilvægt framlag til menningarlífs borgarinnar, góða framkvæmdagetu og traustan rekstrargrundvöll.

Samstarfssamningur felur í sér gagnkvæmar skuldbindingar um markmið, starfsemi, árangur, fjármögnun og eftirfylgni. Samstarfssamningar eru ekki gerðir vegna lögbundinna verkefna borgarinnar. Samningar eru gerðir til tveggja eða þriggja ára og eru háðir samþykki borgarráðs og fjárheimildum hvers árs skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.



Reykjavík



Heimilt er að ráðstafa allt að þriðjung árlégrar fjárheimildar til styrkveitinga á sviði menningarmála til nýrra eða endurnýjaðra samstarfssamninga.

Fjárhæðir vegna samstarfssamninga skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 1.500.000 – 6.500.000 kr.

**Verkefnastyrkir.** Verkefnastyrkir eru veittir til afmarkaðra verkefna sem eru styrkhæf samkvæmt styrkjareglum borgarinnar. Verkefni skulu vera með skilgreind markmið, upphaf og lok.

Fjárhæðir vegna verkefnastyrkja skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 800.000–3.000.000 kr.

**Grasrótastyrkir.** Grasrótastyrkir eru veittir til afmarkaðra verkefna sem eru styrkhæf samkvæmt styrkjareglum borgarinnar. Verkefni skulu vera með skilgreind markmið, upphaf og lok og eru hugsaðir fyrir yngri listamenn og nýliða í listum..

Fjárhæðir vegna grasrótastyrkja skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 200.000– 800.000 kr.

## **II. kafli. Verklag, umsóknir og mat**

### **4. gr. Auglýsing, umsóknarfrestir og umsóknir**

Opnað skal fyrir umsóknir 1. september ár hvert. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera til 1. október og aldrei skemmri en fjórar vikur.

Sækja skal um rafrænt á þar til gerðu umsóknarformi á Mínun síðum á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Í auglýsingu og umsóknarformi skulu meðal annars koma fram árlegar áherslur sé þeim til að dreifa, styrkfjárhæð til úthlutunar, umsóknarfrestur, skilyrði og upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn.

Listamenn, listhópar og lögaðilar geta sótt um verkefnastyrki. Listhópur og lögaðilar þar sem fleiri en einn listamaður standa að baki skal tilgreina einn ábyrgðaraðila gagnvart Reykjavíkurborg.

Grasrótastyrkir eru ætlaðir fyrir yngri listamenn og nýliða í listum.

Samstarfssamningar eru einkum ætlaðir lögaðila sem uppfylla skilaskildu ársreikninga.

Umsækjandi skal hafa staðið skil á tilskildum gögnum vegna fyrri styrkveitinga frá Reykjavíkurborg og uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíldu á grundvelli fyrri úthlutann í samræmi við ákvæði 7.4. í styrkjahandbók Reykjavíkur. Hafi misbrestur orðið á því getur það leitt til synjunar á umsókn.

Stofnanir og starfsstaðir borgarinnar geta að jafnaði ekki sótt um styrk nema annað sé sérstaklega tekið fram í auglýsingu.



**Reykjavík**



## **5. gr. Mat á umsóknum**

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, styrkjahandbók og samþykkt stefnumörkun Reykjavíkurborgar er lögð til grundvallar við mat á styrkumsóknum, auk eftirfarandi þátta:

- Listræn og menningarleg gæði,
- Ávinningur fyrir menningarlíf borgarinnar og borgarbúa,
- Aðgengi, inngilding, fjölbreytni, mannréttindi og jafnrétti,
- Raunhæfni markmiða, tímaáætlunar og fjárhagsáætlunar,
- Framkvæmdageta og reynsla umsækjanda,
- Stjórnarhættir og rekstrargrundvöllur þegar um samstarfssamning er að ræða,

Við úthlutun skal jafnframt stefna að sem mestri breidd og jafnvægi milli listgreina og innan þeirra.

## **II.kafli. Hlutverk, málsmeðferð og ákvörðun**

### **6. gr. Hlutverk menningarráðs, faghóps og skrifstofu menningarmála**

Menningarráð Reykjavíkur ákveður árlegar áherslur við úthlutun og skiptingu þeirra fjárheimilda sem borgarstjórn ákvarðar til styrkveitinga í hverjum málaflokki við samþykkt fjárhagsáætlunar. Ráðið skipar ráðgefandi faghóp og tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga að teknu tillit til tillagna hans.

Faghópurinn er skipaður fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara eru tilnefndir af Bandalagi Íslenskra listamanna og einn fulltrúi og einn til vara af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Menningarráð skipar formann úr hópi tilnefndra fulltrúa.

Skrifstofa menningarmála annast stjórnsýslu vegna styrkjaferilsins, þar á meðal leiðbeiningar og samskipti við umsækjendur og faghópin eftir því sem tilefni er til, fundarritun á fundum faghóps, tilkynningar, gerð styrktarbréfa og samninga, greiðslur og eftirfylgni.

### **7. gr. Skipan og hlutverk faghóps**

Við skipun faghópsins skal gæta að faglegri hæfni, jafnrétti og fjölbreyttri fagþekkingu þannig að skipan hans endurspegli sem best ólíkar listgreinar og fjölbreytt menningarlíf borgarinnar. Jafnframt skal leitast við að tryggja jafnt hlutfall kynja og fjölbreytileika þeirra hópa sem starfa innan Bandalags Íslenskra listamanna og Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs.

Um sérstakt hæfi fulltrúa í faghópnum fer samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Komi upp álitæfni um hæfi eftir að hópurinn hefur hafið störf skal leysa úr því samkvæmt sömu reglum.





Faghópurinn starfar sjálfstætt og metur umsóknir á faglegum forsendum. Hann afgreiðir rökstuddar tillögur um úthlutun verkefnastyrkja og gerð samstarfssamninga til menningarráðs. Formaður faghópsins ber ábyrgð á framlagningu tillagnanna fyrir hönd hópsins. Tillögur faghópsins eru ráðgefandi. Menningarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun menningarstyrkja Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk skrifstofu menningarmála veitir faghópnum ráðgjöf um reglur og málsmeðferð en tekur ekki þátt í faglegu mati eða röðun umsókna. Nöfn aðal- og varamanna faghóps skulu birt að lokinni úthlutun.

#### **8. gr. Ákvörðun, tilkynning og birting**

Menningarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga. Öllum umsækjendum skal tilkynnt skriflega um niðurstöðu. Við opinbera birtingu úthlutunar skulu koma fram nöfn styrkþega, heiti verkefnis eða starfsemi, styrkjaflokkur og fjárhæð úthlutunar.

Rökstuddar tillögur faghópsins eru lagðar fram á fundi menningarráðs. Ekki er skylt að láta sérstakan rökstuðning fylgja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **IV. kafli. Styrktarbréf, samningar og eftirfylgni**

#### **9. gr. Styrktarbréf, samningar og greiðslur**

Fyrir grasrótastyrki og verkefnastyrki að fjárhæð 1.500.000 kr. eða lægri skal gefa út styrktarbréf. Gera skal samning um samstarfssamninga og verkefnastyrki sem nema hærri fjárhæð.

Í styrktarbréfi og samningi skal koma fram fjárhæð styrksins, gildistími, skilyrði, greiðslutilhögun, fyrirkomulag eftirfylgni og úrræði vegna vanefnda. Fjölærar greiðslur eru háðar fullnægjandi skilum styrkþega og fjárheimildum hvers árs.

#### **10. gr. Skyldur styrkþega og eftirfylgni**

Styrkþegi skal nýta styrkinn í samþykktum tilgangi og geta stuðnings Reykjavíkurborgar í kynningarefni með eins sýnilegum hætti og kostur er. Styrkþegi skal skila stöðu- og lokaskýrslum eftir því sem kveðið er á um í styrktarbréfi eða samningi.

Verulegar breytingar á markmiðum, umfangi, tímaáætlun eða fjármögnun verkefnis eða starfsemi eru háðar skriflegu samþykki menningarráðs sem aflað skal fyrirfram.

#### **11. gr. Vanefndir, afturköllun og endurgreiðsla**

Nýti styrkþegi styrk ekki í samþykktum tilgangi, sinnir ekki tilskildum skilum eða brýtur að öðru leyti gegn reglum þessum, styrktarbréfi eða samningi er Reykjavíkurborg heimilt að stöðva greiðslur, afturkalla styrkloforð, rifta samningi og/eða krefjast endurgreiðslu styrks að hluta eða öllu leyti.



**Reykjavík**



Áður en gripið er til slíkra úrræða skal beina skriflegri áskorun til styrkþega og veita honum 14 daga frest til að bæta úr ágöllum sé slíkt mögulegt. Í áskorun skulu koma fram ástæður hennar og þau úrræði sem til greina koma verði ekki bætt úr innan frestsins.

## **V. kafli. Gildistaka**

### **12. gr. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu menningarráðs og borgarráðs.  
Frá sama tíma falla úr gildi eldri reglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga  
Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála, samþykktar 22. ágúst 2022  
*Samþykkt í menningarráði Reykjavíkur XXX*  
*Staðfest í borgarráði XXX*

